



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

TILLAGA UM STARFSNÁMSÁR

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 hvetur stjórn og samninganefnd FG til að taka þátt í umræðum um fyrirhugaðar breytingar á kennaranámi þar sem meðal annars er fjallað um starfsnámsár.

Brýnt að tryggja að framkvæmd starfsnámsárs verði með skynsamlegum hætti og að starfandi viðtökukennurum verði tryggður tími og laun fyrir það starf. Eins þarf að tryggja að umgjörð starfsnámsársins gagnvart nemum og starfandi kennurum sé með eðlilegum hætti. Í því samhengi ætti að horfa til þátta eins og ábyrgð kennaranema í kennslu á starfsnámsári, greiðslu fyrir það starf, að það leiði ekki til breytinga á ráðningarsamningum starfandi kennara, að nemar komi ekki í stað starfandi kennara með leyfisbréf og svo framvegis.

Aðalfundur FG telur mjög mikilvægt að stjórn og samninganefnd félagsins verði virkur þátttakandi í mótun starfsnámsárs kennaranema strax frá upphafi.